

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna
Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

90. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn miðvikudaginn 19. júní 2024. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst kl. 11:15.

Á fundinum voru fh. FT, Sigrún Grendal og Bára Sigurjónsdóttir. Fh. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Margrét Sigurðardóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Þá var gengið til dagskrár.

1. Breytingar á samþykktum Starfsmenntunarsjóðs FT

Lagt fram erindi í kjölfar árlegs samráðsfundar stjórnar Starfsmenntunarsjóðs FT með samningsaðilum þar sem óskað er eftir staðfestingu samstarfsnefndar á framkomnum tillögum um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd samþykkir neðangreindar tillögur um breytingar á samþykktum starfsmenntunarsjóðs FT og að þær taki gildi frá og með 1. júlí 2024 með þeirri undantekningu að breytingar í C deild gilda frá 1. maí 2024:

Breytingar vegna A deildar:

Hámarksstyrkur í A deild hækkar úr kr. 550.000 og verður kr. 600.000.

Grein 3.1.3. hljóði svo:

Auk náms- og þátttökugjalda er kostnaður vegna ferða, gistingar og upphalds lagður til grundvallar styrkveitingu. Til upphalds erlendis, eða svo langt frá föstum vinnustað eða heimili að félagsmaður þarf að kaupa sér fæði meðan á námskeiði stendur, reiknast kr. 10.000 á dag að hámarki. Til upphalds teljast máltíðir/matarinnkaup og skal sá kostnaður sundurliðaður eftir dögum í umsókn. Upphald telst hluti hámarksstyrks og greiðist gegn framvísun kvittana.

Breytingar vegna B deildar:

Hámarksstyrkir í B deild hækka úr kr. 1.250.000 í kr. 1.500.000.

Breytingar vegna C deildar:

Grein 3.3.1 um útthlutunarreglur fyrir C deild – Hópferðir breytist og hljóði svo:

Skilyrði styrkveitinga vegna skipulagðra hópferða, (náms- og kynnisferða og/eða skólaheimsóknna) eru að staðfest tímasett dagskrá frá skipuleggjanda og/eða móttökuaðila liggja fyrir og að dagskrá standi yfir að lágmarki í 6 klst. Styrkveiting nær til eftirfarandi kostnaðarpátta sem falla til vegna ferðar: Skráningargjalda námskeiða, ráðstefna og málþinga, ferða- og gistikostnaðar og uppihalds. Sjóðurinn greiðir fyrir gistinætur sem sannanlega varða ferðina auk einnar viðbótarnætur ef þannig háttar til, s.s. vegna ferðatilhögunar. Styrkur vegna uppihalds er að hámarki 10.000 kr. á dag og greiðist gegn framvísun reikninga/kvittana fyrir þá daga sem starfsþróunin stendur yfir. Til uppihalds teljast máltíðir/matarinnkaup og skal sá kostnaður sundurliðaður eftir dögum í umsókn. Hver sjóðfélagi sækir um styrk á Mínum síðum á vef KÍ að ferð lokinni.

Grein 3.3.3. breytist og hljóði svo:

Fullnægjandi er að ábyrgðarmaður ferðar sendi eina staðfestingu um þátttöku fyrir allan hópinn. Staðfestingu þarf að fylgja:

- a) Greinargerð frá ábyrgðarmanni um tilgang og markmið ferðar.
- b) Tímasett dagskrá ferðar sem er í samræmi við starfsáætlun, tilgang og markmið.
- c) Staðfesting móttökuaðila.
- d) Listi yfir þátttakendur (nafn, kennitala, skóli).
- e) Kostnaðaryfirlit sem tilgreinir sameiginlegan kostnað þátttakenda.
- f) Reikningar/kvittanir fyrir öllum sameiginlegum kostnaði sem til fellur vegna ferðar, s.s. ferðakostnaði, gistikostnaði, skráningargjöldum og öðrum kostnaði sem fellur til vegna dagskrár ferðar.

Við grein 3.3.4 bætist eftirfarandi orðalag:

Ef félagsmaður ber viðbótarkostnað vegna ferðar skal hann gera grein fyrir því í sinni umsókn og skila inn kvittunum fyrir honum.

Við C deild bætist ný grein 3.3.7 sem hljóði svo:

Við bætist ferðastyrkur innanlands kr. 15.000 ef fjarlægð frá vinnustað að brottfararflugvelli er meiri en 100 km og kr. 30.000 ef fjarlægð er meiri en 250 km aðra leið.

Breytingar vegna D deildar:

Ný grein 3.4.3. hljóði svo:

3.4.3. Við bætist greiðsla vegna ferðakostnaðar innanlands vegna ECTS einingabærs náms: 15.000 kr. á önn ef fjarlægð frá námsstað er meiri en 100 km en 30.000 kr. á önn ef fjarlægð frá námsstað er meiri en 250 km.

Grein 3.4.3 verður grein 3.4.4 sem hljóðar svo: 3.4.4. Styrkir eru greiddir eftir á og eftir að umsókn með staðfestum einingafjölda hefur borist.

Breytingar vegna E deildar:

Grein 3.5.2 breytist og hljóði svo:

3.5.2. Hámarksstyrkur er 60.000 kr. og er miðað við 1. september ár hvert. Þannig endurnýjast styrkurinn 1. september ár hvert og eftirstöðvar, ef einhverjar eru, falla þá niður. Styrkurinn skerðir ekki möguleika á styrkveitingu úr öðrum deildum sjóðsins.

Grein 3.5.3 breytist og hljóði svo:

3.5.3. Styrkir vegna andlegrar og/eða líkamlegrar sjálfsefningar eru greiddir út samkvæmt yfirliti yfir útgjöld sem fyllt er út á Mínum síðum. Stjórn sjóðsins/starfsfólk sjóða kallar eftir kvittunum ef þarf.

Breytingar á öðrum ákvæðum:

Við 2. mgr. gr. 1.3. bætist orðalagið: Falli atkvæði jafnt á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns úrslitum.

Ákvæði um E deild í grein 4.5. um greiðslu styrkja breytist og hljóði svo:

Vegna E deildar, einstaklingsbundinna styrkja til andlegrar og/eða líkamlegrar sjálfsefningar, skal fylla út yfirlit yfir útgjöld á Mínum síðum. Stjórn sjóðsins/starfsfólk sjóða kallar eftir kvittunum ef þarf.

Í samþykktunum er orðinu félagsmenn breytt í félagsfólk þar sem við á.

2. Önnur mál.

Umræður um hvort samningsaðilar séu sammála um að þegar félagsmaður óskar álits um hvort verkefni sé styrkhæft áður en sótt er formlega um til sjóðsins sé sjóðsstjórn heimilt að gefa út endanlegt samþykki fyrir því að verkefni sé styrkhæft, með fyrirvara um að fullnægjandi gögnum sé skilað.

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um að ekki sé hægt að staðfesta endanlega afgreiðslu um hvort verkefni er styrkhæft nema útfrá fyrirbyggjandi umsókn. Stjórn sjóðsins er hvött til að gefa leiðbeinandi álit um styrkhæfi verkefna í samræmi við framlögð gögn og samþykktir sjóðsins hverju sinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12:19.